



Sveitarstjórn Rangárbings Ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

Reykjavík, 14. júlí 2017

Varðar: Umsókn um lóðir á Hellu.

Megin starfsstöð Reykjarðs hf. er á Hellu en þar rekur félagið sláturhús og kjötvinnslu ásamt öðru sem því tengist. Starfsemi Reykjarðs hefur dafnað vel á undanförunum árum og er í dag stærsta fyrirtæki á markaði kjúklingaafurða á Íslandi og eru flestar starfsstöðvar félagsins á Suðurlandi.

Starfssemin á Hellu gegnir afar mikilvægu hlutverki en sláturhúsið og kjötvinnslan stendur á lóðinni Dynskálar 42 - 46. Starfsemin á Hellu hefur vaxið mjög mikið á undanförunum árum en markaðsstaða félagsins er mjög sterk fyrir alifugla. Fyrirséður er aukinn vöxtur í alifuglagreininni og mikilvægt að félagið geti til framtíðar tekist á við þær áskoranir að auka framleiðsluna í takt við þróun á markaði. Húsnæðið á Hellu er í dag komið í ystu þolmörk þess að ráða við það magn sem unnin er og er orðin brýn þörf á stækkun og endurskipulagningu á starfsstöðinni á Hellu og umhverfi hennar.

Hugmyndir eru uppi um að stækka kjötvinnsluna umtalsvert til austurs í átt að og yfir á lóð nr. 48. Samfara þessari stækkun yrði endurskipulagt umhverfi starfsstöðvarinnar m.t.t. meira öryggis og betra skipulags. Þar er þá helst horft til aðskilnaðar bílastæða starfsmanna og gesta annarsvegar og atvinnubíla og tækja hinsvegar. Hugmyndin er sú að starfsmanna- og gestastæði yrðu vestan við sláturhúsið á lóð nr. 40 ásamt bættum búnaði fyrir skólphreinsun en lestunarstæði fyrir flutningabíla austan við byggingarnar eftir stækkun kjötvinnslunnar og geymslustæði atvinnutækja- og bíla yrðu norðan við sláturhúsið m.a. til að bæta ásýnd frá þjóðvegi.

Með hliðsjón af þessum áformum þarf að horfa til framtíðar stækkunarmöguleika og möguleika þess að bæta skipulag og aðstöðu tengt verkstæði, geymsluhúsnæði og fullkomnari aðstöðu fyrir úrgang upp við sláturhúsið. Í þessu samhengi gæti skapast þörf á sérstæðri verkstæðisbyggingu og geymslubyggingu sem þarf að tryggja lóðarpláss undir.

Allt framangreint myndi jafnframt stuðla að góðri ásýnd starfsstöðvarinnar og meira rými til að skipuleggja alla starfsemi er tengist sláturhúsinu og kjötvinnslunni til framtíðar, í sátt við næsta nágrenni og aðliggjandi lóðir.

Til að tryggja fyrrgreind áform og framtíðarhorfur starfsstöðvarinnar á Hellu á núverandi stað er óskað eftir úthlutun lóða við Dynskála númer 40, 48, 45 og 47 til Reykjarðs hf.

Stjórn félagsins samþykkti á stjórnarfundi þann 12. júlí s.l. að sótt yrði um umræddar lóðir þannig að hægt sé að hefja hönnun á framtíðarathafnarsvæði félagsins á Hellu og frekari uppbyggingu starfseminnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Reykjarðs hf.

Hjalti H. Hjaltason
framkvæmdastjóri